

*Arnfríður Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands*

## Siðbótarkonan Katarína Zell

Í upphafi siðbótarinnar virðast konur hafa fengið tímabundið svigrúm, sem gerði þeim kleift að taka virkan þátt í útbreiðslu hennar á hinu opinbera sviði. Til eru heimildir um konur, þótt vissulega séu þær ekki margar, sem studdu siðbótina opinberlega og tóku boðskapinn um almennan prestdóm bókstaflega. Af þeim sökum töldu þær það bæði skyldu sína og köllun að taka virkan þátt í boðun fagnaðar-erindisins.<sup>1</sup> Með örfáum undantekningum eru konurnar sem heimildir hafa varðveist um þekktar vegna tengsla sinna við karla sem gegndu leiðtogahlutverkum innan siðbótarhreyfingarinnar. Við ritun siðbótarsögunnar hefur lítið verið fjallað um þessar konur en vaxandi áhugi á kvennasögu á undanförunum áratugum hefur breytt miklu hér um.<sup>2</sup>

Katarína Zell (1498–1562) tilheyrði fyrstu kynslóð fylgjenda og talsmanna siðbótarinnar. Katarína er fyrst og fremst þekkt fyrir rit sín, sem hafa nýlega verið gerð aðgengileg á prenti. Vegna þess hve mörg rit eru varðveitt eftir hana hefur því verið haldið fram að engin kona á meðal fulltrúa siðbótarinnar hafi verið eins þekkt fyrir rit sín á 16. öldinni og hún.<sup>3</sup> Katarína er mikilvægur fulltrúi þeirra sem urðu fyrir sterkum áhrifum þessarar nýju guðfræðistefnu og sýnir vel hvernig guðfræðilegt sjónarhorn mótast að miklu leyti af reynslu viðkomandi og sögulegu samhengi. Þannig geymir saga hennar áhrifamikil dæmi um það hvernig reynsla mótaði hana sem guðfræðing. Hún var gift presti þegar prestum var bannað að kvænast. Eftir að hafa misst tvö börn á unga aldri, var hún barnlaus kona, í samfélagi sem gerði ráð fyrir því að konur verðu tíma sínum og orku í heimilishald og barnaupveldi. Katarína var sannfærð um að hún væri kölluð til þjónustu við Guð sinn, þrátt fyrir að konum væri meinadur aðgangur að vígðri þjónustu kirkjunnar. Engu að síður var hún virkur þjónn Guðs, fyrst með eiginmanni sínum en hélt því áfram eftir fráfall hans. Katarína fagnaði þeim möguleikum sem siðbótin gaf henni til að sinna hlutverkum sem körlum hafði einum áður verið trúað fyrir. En hún var einnig harkalega gagnrýnd fyrir að ryðjast inn á verksvið karlanna. Hún svaraði þeirri gagnrýni afdráttarlaust í ræðu og riti og taldi sig vera í fullum rétti í þjónustu sinni við Guð og náungann. Hún vitnaði í lykilatríði í guðfræði Lúthers máli sínu til studnings, m.a. í hugmyndir hans um hinn almenna prestdóm, um mikilvægi Ritningarinnar (*Sola Scriptura*), gildi hjónabandsins og guðfræði krossins, með áherslum sínum á mikilvægi þjáningar og þrenginga. Í þessari grein verður dregin upp mynd af Katarínu Zell sem talskonu siðbótarinnar og baráttukonu fyrir auknum réttindum

<sup>1</sup> Sjá Roland H. Bainton, *Women of the Reformation in Germany and Italy*. (Upphaflega gefin út af Augsburg Publishing House, 1971.) Endurútgefin af Academic Renewal Press, 2001, bls. 97–109.

<sup>2</sup> Í grein minni „Lúther og konurnar: Um áhrif siðbótar á líf kvenna“ fjallaði ég um það hvernig siðbót Lúthers hafði áhrif á líf kvenna sem vildu í krafti boðskaparins „um frelsi kristins manns“ láta reyna á möguleika sína til þess að verða opinberir flytjendur fagnaðarerindisins. Greinin birtist í greinasafninu: *Kvennabaráttan og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 15–60.

<sup>3</sup> Kírsi Stjerna, *Women and the Reformation*, Malden, MA: Blackwell Publishing, 2009, bls. 109–110.

kvenna til þess að þjóna fagnaðarerindinu á hinu opinbera sviði, en ekki aðeins innan veggja heimilisins. Sérstök áhersla verður lögð á það hvernig guðfræðilegt sjónarhorn hennar mótaðist af reynslunni af því að vera kona í samfélagi sem var stjórnað af körlum.

### Konur færa sig upp á skaftið

Merry Wiesner er á meðal þeirra sem hafa rannsakað þátttöku kvenna í siðbótinni á 16. öld. Í grein sem hún nefnir „Nuns, Wives, and Mothers: Women and the Reformation in Germany“ segir Wiesner að konur hafi ekki aðeins verið hlutlausir viðtakendur þeirra hugmynda og breytinga sem siðbótinni fylgdu, heldur hafi þær brugðist við með virkum hætti, þegar bæði giftar og ógiftar konur öðluðust kjark til að brjótast út úr viðteknum kynjahlutverkum. „Innblásin af hugmyndum Lúthers um prestdóm hinna trúuðu,“ skrifar Wiesner, „byrjuðu konur og ómenntaðir karlar að prédika og ögra þannig trúarlegum yfirvöldum.“<sup>4</sup>

Engu að síður breytti siðbótin ekki miklu varðandi þátttöku kvenna almennt á hinu opinbera sviði eða hvað varðaði hugmyndir um eðli og hlutverk kvenna yfirleitt. Kírsi Stjerna heldur því t.d. fram í bók sinni um konurnar og siðbótina að afstaða til kynjanna og kynjahlutverka hafi breyst mjög lítið með siðbótinni. Stjerna bendir ennfremur á að jafnvel hugmyndin um hinn almenna prestdóm, sem hefði getað leitt til aukins jafnréttis kynjanna, hafi verið túlkuð út frá ótvíráðum kynjafordómum. Með þessu vísar Stjerna til þess að konur voru almennt ekki taldar eiga sama rétt og karlar til þátttöku í hinum almenna prestdómi, nema í neyðartilfellum, þegar skortur var á körlum.<sup>5</sup> Það er niðurstaða hennar að þær hugmyndir Lúthers sem réttilega geti kallast róttækar hafi verið andstaða hans gegn klausturlífi og að líta á það sem trúarlega köllun að ganga í hjónaband.<sup>6</sup> En þegar búíð var að loka klaustrunum var um leið búíð að taka frá konum þann möguleika að geta valið annað hlutskipti en að ganga í hjónaband. Að fara í klaustur var vissulega kostur sem aðeins hafði staðið ákveðnum hópi kvenna til boða en þær sem gengu í klaustur fengu tækifæri til að gera það sem konur almennt gátu ekki gert, þ.e. að hlúa að andlegum þroska, njóta menntunar og sinna ritstörfum.<sup>7</sup>

Konur sem beittu sér í þágu siðbótarinnar urðu fyrir gagnrýni þeirra sem ekki gátu sætt sig við þátttöku kvenna í starfi kirkjunnar á opinberum vettvangi. Í sagnfræðiritum má greina tilraun til að þagga niður í þessum konum, en þar er sjaldan talað um þátttöku kvenna í siðbótarhreyfingunni eða einstakar konur nefndar á nafn. Undantekning frá þeirri reglu er að sjálfsögðu Katarína frá Bóra, en

<sup>4</sup> Merry Wiesner, „Nuns, Wives, and Mothers: Women and the Reformation in Germany“, *Women in Reformation and Counter-Reformation Europe*, ritstj. Sherrin Marshall, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1989, bls. 15. Sjá einnig: Kírsi Stjerne, „For the Sake of the Future: Rekindling Lutheran Theology on Spirituality, Equality, and Inclusivity“, *Lutheran Identity and Political Theology*, ritstj. Carl-Henric Grenholm og Göran Gunner, Eugene, Oregon: Pickwick Publications, 2014, bls. 93–98. Þýðing greinarhöfundar, sem og allar aðrar beinar tilvitnanir í erlend rit í greininni.

<sup>5</sup> Kírsi Stjerna, *Women and the Reformation*, Malden, MA: Blackwell Publishing, 2009, bls. 41. Í þessu samhengi vil ég benda á athyglisverða grein eftir Else Marie Wiberg Pedersen, prófessor við Árósháskóla, sem heldur því fram að í ritum Lúthers megi greina spennu á milli annars vegar „góðrar guðfræði“, sem gekk út frá því að bæði konur og karlar væru góð sköpun Guðs og jöfn frammi fyrir augliti Guðs, og hins vegar dæmigerðra hugmynda sem uppi voru á 16. öldinni um konur sem annars flokks og undirgefnar körlum. Sjá: Else Marie Wiberg Pedersen, „A Man Caught Between Bad Anthropology and Good Theology? Martin Luther’s View of Women Generally and of Mary Specifically“, *Dialog: A Journal of Theology* 43:3/2010, bls. 190–200.

<sup>6</sup> Kírsi Stjerna, *Women and the Reformation*, bls. 23.

<sup>7</sup> Sama rit, bls. 41.

hún er þar sem eiginkona Marteins Lúthers, frekar en siðbótarkona. Dæmi um konu sem hefur lítið farið fyrir í siðbótarsögunni er Elizabeth Cruciger (1500–1535), en hún vann sér það til frægðar að yrkja einn af fyrstu sálmunum í evangelísk-lútherskri trúarhefð. Elizabeth var nunna sem yfirgaf klausturreglu sína fljótlega eftir 1520 og flýði til Wittenberg. Hún giftist vini Lúthers og nánnum samstarfsmanni, Caspar Cruciger, árið 1524. Caspar var prófessor við háskólann í Wittenberg og prédikaði reglulega í Hallarkirkjunni þar í borg. Cruciger-hjónin urðu síðar tengdforeldrar Hans, elsta sonar Katarínu og Marteins Lúthers. Sálmur Elizabethar Cruciger, „Herr Christ, der einig Gottes Sohn“, var prentaður í fyrstu sálmabókinni sem kom út í hinum nýja sið. Þess má geta að sálmur Elizabethar var upphaflega þýddur á íslensku af Marteini Einarssyni biskupi og var í sálmabók hans sem kom út árið 1555. Þá var hann fyrsti sálmurinn í upprunalegri útgáfu Grallarans sem kom út árið 1589. Fram eftir öldum var rík tilhneiging til þess að eigna sálminn öðru sálmaskáldi. Kirkju-sagnfræðingurinn Mary Jane Haemig heldur því fram að saga sálmsins endurspegli viðhorf til kvenna sem algeng voru innan siðbótarhreyfingarinnar frá upphafi.<sup>8</sup> Hér vísar Haemig til þeirrar skoðunar sem útbreidd var innan siðbótarinnar að breytt staða kvenna bæri vitni um það að endatímar væru í nánd, á meðan hin hefðbundna skoðun, að konur ættu ekki að beita sér á hinu opinbera sviði, var áfram ríkjandi.<sup>9</sup>

### Reynslan mótar guðfræðinginn

Jafnvel þó að reynslan hafi alltaf gegnt mikilvægu hlutverki í guðfræðilegri umræðu, þá hefur hún ekki alltaf notið viðeigandi viðurkenningar. Spennan á milli skynsemi og reynslu, á milli *a priori* og *a posteriori* þekkingar á Guði, hefur alltaf verið til staðar og stundum hefur þessi spenna sett afgerandi svip á trúarhefðina. Gott dæmi um það er gagnrýni Marteins Lúthers á skólaspekina og áherslu hennar á skynsemina og möguleika hennar til að þekkja Guð *a priori* (þ.e. án aðkomu reynslunnar). Andstætt því sem skólaspekingarnir héldu fram taldi Lúther að enginn yrði góður guðfræðingur nema í gegnum reynslu, og þá sérstaklega reynslu af andstreymi og þrengingum, en ekki aðeins með því að spekulera eða velta vöngum.<sup>10</sup>

Á áttunda áratug síðustu aldar kallaði Mary Daly, ein af frumkvöðlum femínískrar guðfræði, eftir nýrri tegund guðfræðilegrar nálgunar. Daly hélt því fram að feðraveldið hefði meinað konum að heyra og orða spurningar sem byggðust á þeirra eigin reynslu. Að hætti Mary Daly hafa femínískir guðfræðingar lagt áherslu á gildi mannlégrar reynslu, ekki síst reynslu kvenna sem um aldir hefur verið vanmetin og jafnvel vanrækt, þegar kemur að því að skilja og túlka guðfræðileg viðfangsefni.<sup>11</sup> Hin femíníska áhersla á „meðvitaða skírskotun“ (*e. conscious appeal*) til reynslu kvenna á

<sup>8</sup> Mary Jane Haemig, „Elizabeth Cruciger (1500?–1535): The Case of the Disappearing Hymn Writer“, *Sixteenth Century Journal* 32:1/2001, bls. 35–41.

<sup>9</sup> Nánar um sálm Cruciger í grein minni: „Yrkja konur sálma? Um konur sem sálmaskáld í evangelísk lútherskri kirkju“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 37/2013, bls. 9–38, hér 10–13.

<sup>10</sup> Lúther lagði grunninn að guðfræði krossins í rökraðum sínum í Heidelberg í apríl 1516. Þar sett hann fram andstæðurnar á milli *a priori* og *a posteriori* þekkingar á Guði, en hann sagði fyrrnefndu þekkinguna dæmigerða fyrir guðfræði skólaspekinnar, sem Lúther uppnefndi *guðfræði hjórarinnar (theologia gloriae)* en hann taldi aftur á móti *a posteriori* þekkingu helsta einkenni krossmiðlægrar guðfræði (*theologia crucis*). Marteinn Lúther, „Heidelberg Disputation, 1518“, ritstj. Dennis Bielfeldt, *The Annotated Luther: The Roots of Reform 1*, ritstj. Timothy J. Wengert. Minneapolis: Fortress Press, 2015, bls. 67–120. Nánar um guðfræði krossins hjá Lúther, sjá: Arnfríður Guðmundsdóttir: *Meeting God on the Cross: Christ, the Cross and the Feminist Critique*, New York: Oxford University Press, bls. 74–78.

<sup>11</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir, „Talking About a Gracious God: Speaking of God out of Experience“, *Dialog: A Journal of Theology* 54:3/2015, bls. 236–237.

sér afar athyglisverðan samhljóm í áherslu Lúthers á lykilhlutverk reynslunnar. Þó að Katarína Zell hafi verið uppi mörgum öldum áður en femínisk guðfræði varð til þá er hún engu að síður gott dæmi um konu, sem í gegnum guðfræðilega sannfæringu sína, fann rödd sína og stað í hinu opinbera rými, í samfélagi þar sem konur voru oftast en ekki rændar hvoru tveggja.

### „Kirkju-móðir“

Katarína var fædd og uppalin í Strassborg um aldamótin 1500. Hún var af borgaralegum ættum, fékk trúarlegt uppeldi og gekk í stúlnaskóla þar sem hún naut grunnmenntunar. Nafn sitt fékk hún frá heilagri Katarínu frá Siena, sem var uppi á 14. öld og er ein af þekktari konum kirkjusögunnar.<sup>12</sup> Tíu ára að aldri ákvað hún að verða það sem hún sjálf kallaði „kirkju-móðir“, þ.e. boðberi orðsins og þjónn kirkjunnar. Á tímum þegar ungum konum var ætlað annaðhvort að ganga í hjónaband eða í klaustur ákvað Katarína að gera hvorugt. Hún lærði listvefnað og undirbjó sig þannig undir að geta framfleytt sér, ein og óstudd. Um tvítugt varð hún fyrir sterkum áhrifum frá ritum Lúthers sem leiddi til þess að hún gekk til liðs við siðbótarhreyfingu hans. Hún vildi sýna í verki stuðning sinn við siðbótarboðskap Lúthers með því að ganga í hjónaband. Það gerði hún í lok árs 1523, eða einu og hálfu ári áður en Lúther sjálfur ákvað að fylgja eftir róttækum skoðunum sínum um hjónabandið með því að ganga að eiga Katarínu sína frá Bora. Hjúskapur presta kallaði á hörð viðbrögð samfélagsins á þessum tíma og þegar Katarína gekk að eiga Matthías Zell, prest við dómkirkjuna í Strassborg, voru þau harðlega gagnrýnd fyrir tiltækið. Katarína brást við með því að skrifa rit til varnar hjónabandi presta, sem kom út árið 1524.<sup>13</sup> Í ritinu varði hún eiginmann sinn en um leið auðvitað sig sjálfa og rétt þeirra til að ganga í hjónaband. Stóra sorgin í lífi Katarínu var barnamissirinn en hún missti tvö börn sín mjög ung, árið 1527 og árið 1534. Hún eignaðist ekki fleiri börn. Barnleysið átti vafalaust sinn þátt í því að Katarína hafði tækifæri til að beina kröftum sínum að verkefnum utan heimilisins.<sup>14</sup>

Það er margt sem bendir til þess að hugmyndir Lúthers um hinn almenna prestdóm hafi haft mikil áhrif á sjálfsskilning Katarínu og möguleika hennar á að gegna kirkjulegri þjónustu, þó að henni stæði prestvígsla ekki til boða. Þetta má m.a. sjá í afgerandi svörum hennar við ásökunum þeirra sem vildu meina henni að gegna þjónustu á hinu opinbera sviði. Þess vegna má halda því fram að siðbótin hafi haft mótandi áhrif á líf hennar og hugmyndin um prestdóm trúaðra hafi gefið henni mikilvægar guðfræðilegar forsendur til að túlka líf sitt og starf. Hún fór ótroðnar slóðir og boðaði fagnaðarerindið bæði í orði og verki. Þannig telur Jane Dempsey Douglass kirkjusagnfræðingur Katarínu og fjölbreytta þjónustu hennar gott dæmi um konu sem í krafti boðskaparins um hinn almenna prestdóm tók sér frelsi til að endurskilgreina hlutverk sitt.<sup>15</sup>

<sup>12</sup> Kírsi Stjerna, *Women and the Reformation*, bls. 111.

<sup>13</sup> Jane Dempsey Douglass, *Women, Freedom, and Calvin*, Philadelphia: Westminster Press, 1985, bls. 85. Sjá einnig: Roland H. Bainton, *Women of the Reformation in Germany and Italy*, bls. 57.

<sup>14</sup> Kírsi Stjerna, *Women and the Reformation*, bls. 115.

<sup>15</sup> Jane Dempsey Douglass, *Women, Freedom, and Calvin*, bls. 87. Til er bréf sem Lúther skrifaði Katarínu Zell árið 1524, en þar kemur fram hversu mikils Lúther mat bæði hana og Matthías eiginmann hennar. Sjá: Susan C. Karant-Nunn og Merry Wiesner-Hanks. *Luther on Women: A Sourcebook*, New York: Cambridge University Press, 2003, bls. 206–207.

## Hin heilaga hjónabandsstétt

Eins og áður segir giftist Katarína dómkirkjuprestinum Matthíasi Zell á meðan enn var hörð andstaða við hjúskap presta. Í Strassborg voru t.d. sjö prestar bannfærðir fyrir að ganga í hjónaband og var Matthías Zell einn þeirra.<sup>16</sup> Í riti sínu til varnar eiginmanni sínum og hjónabandi þeirra færði Katarína sterk rök fyrir hjúskap presta og studdi mál sitt með tilvitnunum í Biblíuna. Katarína var ekki á því að hún, eða kristið fólk yfirleitt, ætti að þegja þegar ráðist væri á það. Hér er tilvitnun í rit hennar:

Þess vegna hef ég enga afsökun fyrir því, og ég get ekki heldur sannfært samvisku mína um að þegja lengur um þessar djöfullegu lygar sem hafa verið settar fram um mig í ræðu og riti.

Já, alveg eins og boðorðið um að elska náungann gerir mér ókleift að komast hjá því að taka til hendinni í þágu náungans, þá get ég ekki afsakað mig af eftirfarandi ástæðu. Einmitt eins og það er við hæfi (og í raun hluti af því) að vera kristinn að þjást, þá er það alls ekki við hæfi að hinn kristni þegi, því að með þögninni er verið að viðurkenna (a.m.k. að hluta til) að lygin sé sönn.<sup>17</sup>

Matthías og Katarína mótuðu, líkt og Lúther og Katarína frá Bóra, hugmyndir samtímafólks þeirra um prestsheimilið. Þau opnuðu heimili sitt fyrir öllum þeim sem vildu þiggja þar húsaskjól, hvort sem það voru fátæklingar eða sjúkir, flóttafólk eða guðfræðingar á ferðalagi. Þau hýstu m.a. Zwingli og Oecolampadius á leið sinni til fundar við Lúther í Marburg, sem og Kalvín og Schwenckfeld og fleiri leiðtoga siðbótarinnar á ferðalögum þeirra. Þau hjón studdu hvort annað dyggilega í þjónustunni og var Matthías gagnrýndur af samtímamönnum sínum fyrir að vera undir hælum á konu sinni.<sup>18</sup> En Katarína var alla tíð ófeimin við að verja stöðu sína og rétt til þess að þjóna, með eða án eiginmanns síns. Hún var óhrædd við að nota óhefðbundnar aðferðir og prédikaði orð Guðs bæði með orðum sínum og verkum. Sú staðreynd að Katarína átti eiginmann sem var tilbúinn til að verja rétt hennar til að tala og starfa skipti miklu máli. Það kom vel í ljós eftir að hann var fallinn frá hversu mikilvægur hann hafði verið henni í raun og veru, þegar andstæðingar hennar lögðu enn meiri kraft en áður í að þagga niður í henni.<sup>19</sup>

## „Eins og María Magdalena“

Katarína Zell líkti sér m.a. við Maríu Magdalenu,<sup>20</sup> sem gerði ekki tilkall til að vera kölluð postuli en fór engu að síður til lærisveinanna og sagði þeim að hún hefði hitt hinn upprisna. Þannig gaf Katarína til kynna að það sem hún gerði og sagði skipti hana meira máli en opinber embætti.<sup>21</sup> Hún var sannfærð um köllun sína til að flytja fagnaðarerindið áfram og sá það ekki sem val að þegja eða að halda að sér höndum þegar einhver þurfti á hjálp hennar að halda. Hún var virt fyrir þjónustu sína á meðal sjúkra og þurfandi en var gagnrýnd fyrir að ryðjast inn á svæði sem voru frátekin fyrir karla. Í samræmi við áherslur *theologia crucis* var guðfræði Katarínu mótuð af reynslu hennar af mótlæti og erfiðleikum. Þessi reynsla setti svip sinn á guðfræðileg rit hennar en það var hins vegar hugmyndin um hinn almenna prestdóm sem gaf

<sup>16</sup> Roland H. Bainton, *Women of the Reformation in Germany and Italy*, bls. 56.

<sup>17</sup> Kirsi Stjerna, *Women and the Reformation*, bls. 119; Jane Dempsey Douglass, *Women, Freedom, and Calvin*, bls. 93.

<sup>18</sup> Roland H. Bainton, *Women of the Reformation in Germany and Italy*, bls. 57.

<sup>19</sup> Kirsi Stjerna, *Women and the Reformation*, bls. 122.

<sup>20</sup> María Magdalena hefur stundum verið kölluð „postuli postulanna“ vegna þess leiðtogahlutverks sem hún er talin hafa gegnt í frumkirkjunni. Sjá: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Postuli postulanna“, *tru.is*, 18. maí 2006, sótt 15. apríl 2017 af <http://tru.is/pistlar/2006/05/postuli-postulanna/>.

<sup>21</sup> Roland H. Bainton, *Women of the Reformation in Germany and Italy*, bls. 66–67.

henni fast land undir fótum og kjark til að svara þeim sem vildu þagga niður í henni. Jafnvel þó að andstæðingar hennar reyndu hvað þeir gátu til að takmarka áhrif hennar, þá gefa rit hennar til kynna að þeir höfðu ekki erindi sem erfiði.

Eins og Lúther, lagði Katarína mikið upp úr mikilvægi reynslunnar af andlegum erfiðleikum (sem Lúther kallaði *Anfechtung*). Án slíkrar reynslu taldi Lúther að enginn gæti skilið heilagan anda, eðli trúarinnar eða kærleika Guðs. Í huggunarritum sínum lagði Katarína iðulega áherslu á jákvætt hlutverk mótlætis og erfiðleika. Þetta gerði hún t.d. í bréfi sínu til kvennanna í Kentzingen en eiginmönnum þeirra hafði verið meinað að snúa aftur heim vegna stuðnings þeirra við siðbótina. Í bréfi sínu segir Katarína m.a.:

Ef ég hefði verið útvalin til að þjást eins og þið þá teldi ég mig hamingjusamari en meðlimir yfirstéttar Strassborgar á markaðnum, með allar sínar hálsfestar og gullkeðjur. Hafid hugföst orð Drottins hjá Jesaja spámanni... „Getur kona gleymt brjóstbarni sínu? Og jafnvel þó þær gætu gleymt, þá gleymi ég þér ekki (Jes 49:15). eru þessi orð ekki gulls ígildi? Trú sem ekki hefur verið sannreynd er ekki trú...“<sup>22</sup>

Ef svo bar undir hikaði Katarína ekki við að stíga inn í hlutverk sem körlum einum var ætlað að gegna, eins og þegar hún hélt ræðu við útför eiginmanns síns. Í ræðunni líkti hún sjálfri sér við Maríu Magdalenu, sem gerði ekki tilkall til þess að kallast postuli en fór engu að síður til lærisveinanna og flutti þeim fréttirnar af upprisu frelsarans.<sup>23</sup> Þessi samlíking við Maríu Magdalenu gefur hugmynd um það hvernig Katarína notaði Ritninguna og biblíulegar fyrirmyndir til þess að réttlæta köllun sína til þjónustu. Eins og gefur að skilja var Katarína ekki ein um að leita á náðir Ritningarinnar. Það gerðu líka þeir sem gagnrýndu framgöngu hennar og vildu þagga niður í henni. En Katarína hikaði ekki við að svara í sömu mynt, eins og sést t.d. á þessu svari hennar:

Þú bendir mér á orð Páls postula um að konur skuli þegja í kirkjunni. Sömuleiðis vil ég benda þér á orð þessa sama postula, þar sem hann segir að í Kristi sé hvorki karl né kona, en einnig á spádóm Jóels: „Ég vil úthella anda mínum yfir allt hold og synir yðar og dætur munu spá.“ Ég er ekki að þykjast vera Jóhannes skírari að snupra faríseana. Ég er heldur ekki að halda því fram að ég sé Natan að skamma Davíð. Ég sækist einungis eftir að vera asna Bíleams<sup>24</sup> að hirta eiganda sinn.<sup>25</sup>

Þótt Katarína styddi mál sitt með því að vitna í Ritninguna, sést engu að síður á þessu svari hennar að, líkt og Lúther, leit hún ekki svo á að allir textar Biblíunnar væru jafn mikilvægir. Þess vegna hikaði hún ekki við að svara tilvitnun í Biblíuna með annarri tilvitnun, þegar hún brást við gagnrýni andstæðinga sinna.

Katarína Zell varð fyrir óvæginni gagnrýni fyrir störf sín og tilkall sitt til þátttöku í hinni opinberu þjónustu. Þrátt fyrir að hún væri sannfærð um að það væri Guð sem hefði kallað hana til þjónustu, þá bendir eftirfarandi tilvitnun til þess að sú gagnrýni sem hún þurfti að þola hafi haft sín áhrif á hana. Ásökuð um að spilla friði í kirkjunni svaraði Katarína, þá gömul og rúin starfsþreki og heilsu:

<sup>22</sup> Sama rit, bls. 62–63.

<sup>23</sup> Sama rit, bls. 66.

<sup>24</sup> 4Mós 22.

<sup>25</sup> Roland H. Bainton, *Women of the Reformation in Germany and Italy*, bls. 55.

Hvort ég er friðarspillir? Já, svo sannarlega, þ.e. míns eigin friðar. Kallar þú það að spilla friði þegar ég, í stað þess að eyða tíma mínum í hégómlegar skemmtanir, hef heimsótt þá sem plágan hefur herjað á og borið út hina dauðu? Ég hef heimsótt þá sem sitja í fangelsi og bíða dauðans. Oft hef ég hvorki borðað né sofð í þrjá daga og þrjár nætur samfleytt. Ég hef aldrei stillt mér upp í prédikunarstól, en ég hef heimsótt fleiri bágstadda en nokkur prestur. Er þetta það sem felst í því að spilla friðnum innan kirkjunnar?<sup>26</sup>

Þótt Katarína gerði ekki tilkall til prédikunarstólsins taldi hún það ekki utan síns verkahrings að taka þátt í útleggingu orðsins, að minnsta kosti ekki þegar það var gert á sviði sálgaeslu. Árið 1558 skrifaði Katarína huggunarrit fyrir vin sinn sem þjáðist af holdsveiki. Þar er meðal annars að finna útleggingu á faðirvorinu, sem byrjar svona:

Faðir vor, þú sem ert á himnum. Hann er ekki kallaður Drottinn eða dómari, heldur faðir. Og þar sem við erum endurfædd fyrir son hans þá getum við einnig kallað hann afa. Að sama skapi má líkja honum við móður sem þekkir fæðingarhríðir af eigin raun sem og gleðina sem fylgir því að hafa barn á brjósti.<sup>27</sup>

Eins og kemur vel fram í þessum texta var Katarína ekki aðeins óhrædd við að fara nýjar og óhefðbundnar leiðir í starfi sínu sem „kirkju-móðir“, heldur líka í útleggingu sinni á grundvallartextum kristinnar trúarhefðar. Kjarkur hennar kom m.a. fram í stuðningi við þá fylgjendur siðbótarinnar sem ekki fylgdu túlkun Ágsborgarjátningarinnar í öllum atriðum en árið 1536 samþykktu yfirvöld í Strassborg að Ágsborgarjátningin væri hin rétta túlkun hins nýja siðar. Katarína var talskona umburðarlyndis í trúarlegum efnum og gagnrýndi m.a. Lúther fyrir ósveigjanleika í deilunum við Zwíngli um kvöldmáltíðarsakramentið. Hún reyndi jafnvel að telja Lúther hughvarf í þessu máli. Af þessum sökum var hún sökuð um villutrú af andstæðingum sínum.<sup>28</sup> Eftir að Matthíasar naut ekki lengur við, var hún berskjaldaðri fyrir óvæginni gagnrýni þeirra sem vildu koma höggi á hana og þagga niður í henni. En Katarína hélt ótrauð áfram þjónustu sinni til dauðadags. Hún lét gagnrýni þeirra sem virtu ekki þjónustu hennar ekki stoppa sig, enda sótti hún ekki umboð sitt til veraldlegra yfirvalda, heldur til Ritningarinnar og guðlegrar köllunar sinnar til þjónustu.

Saga siðbótarkonunnar Katarínu Zell og þau rit sem hún skildi eftir sig sýna svo að ekki verður um villst að hún verðskuldar að vera talin með mikilvægustu fulltrúum þeirrar siðbótar sem varð innan Vesturkirkjunnar í Norður-Evrópu á fyrri hluta 16. aldar. Katarína var ötul talskona hins nýja siðar bæði í orði og verki. Hún var óhrædd við að feta ótroðnar slóðir og svara fullum hálsi þeim sem gagnrýndu hana fyrir það. Þetta kemur vel fram í vörn hennar fyrir hjónabandi hennar og dómkirkju-prestsins Matthíasar Zell en einnig í afgerandi afstöðu hennar gegn þeim sem töldu hana, sem konu, ekki eiga rétt á því að taka að sér að kenna og túlka orð Guðs eða vera virk í kærleiksþjónustu kirkjunnar á hinum opinbera vettvangi. Reynsla hennar af boðuninni og baráttunni gegn þeim sem vildu hindra hana í þjónustunni setti ótvírætt mark á hana sem guðfræðing en gaf henni einnig fullvissuna um að hún gæti hvílt örugg í hlutverki sínu sem „kirkju-móðir“.

<sup>26</sup> Sama rit, bls. 72.

<sup>27</sup> Sama rit, bls. 69.

<sup>28</sup> Stjerna, Kirsi, „For the Sake of the Future“, bls. 97.